

29. desember 1978.

93

Nr. 16.

AUGLÝSING

um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins.

Samkvæmt heimild í 41. grein d. lið stofnskrár Evrópuráðsins var við aðild Liechtenstein að ráðinu gerð breyting á 26. grein stofnskrárinnar varðandi fjölda fulltrúa á Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins (sjá auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 3/1978). Var ákveðið að Liechtenstein skyldi öðlast rétt á 2 þingfulltrúum. Tók breyting þessi gildi hinn 27. nóvember 1978.

26. grein stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal auglýsingar þessarar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1978.

Benedikt Gröndal.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar þannig:

„Eftirtalin ríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa, sem hér segir:

Austurríki	6
Belgía	7
Kýpur	3
Danmörk	5
Frakkland	18
Sambandslýðveldið Þýskaland	18
Grikkland	7
Ísland	3
Írland	4
Ítalía	18
Liechtenstein	2
Luxembourg	3
Malta	3
Holland	7
Noregur	5

The amended text of Article 26 is worded as follows:

“Members shall be entitled to the number of Representatives given below:

Austria	6
Belgium	7
Cyprus	3
Denmark	5
France	18
Federal Republic of Germany	18
Greece	7
Iceland	3
Ireland	4
Italy	18
Liechtenstein	2
Luxembourg	3
Malta	3
Netherlands	7
Norway	5

C 13

Portúgal	7	Portugal	7
Spánn	12	Spain	12
Svíþjóð	6	Sweden	6
Sviss	6	Switzerland	6
Tyrkland	12	Turkey	12
Híð sameinaða konungsríki Stóra- Bretlands og Norður-Írlands	18.	United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	18"
Gjört í Strasbourg hinn 27. nóvember 1978.		Done at Strasbourg, this 27th day of November 1978.	

AUGLÝSING

um aðild að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

Í dag var utanríkisráðuneyti Kanada í samræmi við ályktun Alþingis frá 22. þ.m. afhent fullgildingarskjal Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi sem undirritaður var í Ottawa hinn 24. október 1978.

Samningurinn tekur gildi hinn 1. janúar 1979 og er birtur ásamt þremur við-
aukum sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1978.

Benedikt Gröndal.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM FRAMTÍÐARSAM- VINNU RÍKJA VARÐANDI FISK- VEIÐAR Á NORÐVESTUR- ATLANTSHAFI

Samningsaðilar

GERA SÉR LJÓST að strandríki við Norðvestur-Atlantshaf hafa í samræmi við viðeigandi grundvallarreglur í þjóðarétti fært út lögsögu sína yfir hinum lifandi auðæfum aðliggjandi hafsvæða í allt að tvö hundruð sjómílur frá grunnlinum þeim er landhelgi miðast við, og beita innan þessara svæða fullveldisrétti í því skyni að rannsaka og hagnýta,

CONVENTION ON FUTURE MULTI- LATERAL COOPERATION IN THE NORTHWEST ATLANTIC FISHERIES

The Contracting Parties,

NOTING that the coastal States of the Northwest Atlantic have, in accordance with relevant principles of international law, extended their jurisdiction over the living resources of their adjacent waters to limits of up to two hundred nautical miles from the baselines from which the breadth of the territorial sea is measured, and exercise within these